

**Nd.**

**196. Frumvarp**

til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir yfirumsjón og úrskurðarvald um framkvæmd sauðfjárbaðana. Það gefur út reglur og leiðbeiningar, hvernig þeim skuli haga.

2. gr.

Sauðfjərböðun skal á hverjum vetri fram fara á öllu sauðfje á landinu, á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. febrúar.

3. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á öllu því sauðfje, er hann hefir undir höndum, og hlita því eftirliti, sem lög þessi ákveða.

4. gr.

Hreppstjórar í sveitum, með aðstoð hreppsnefnda, og lögreglustjórar í bæjum, með aðstoð bæjarstjórna, skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur hafi trygt sjer næg baðlyf á sauðfje sitt, með nægilegum fyrirvara, til þess að böðun geti farið fram samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga þessara. Sömu stjórnarvöldum er skylt að hvetja menn til að koma upp svo mörgum sundþróum, er hæfilegt má telja til þess að böðun geti farið fram hvenær sem er að vetrarlagi.

5. gr.

Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í bæjum skulu, hver í sínu umdæmi, skipa einn eða fleiri menn sjer til aðstoðar til eftirlits með því, að allir baði, blöndun baðlyfja og hvernig baðað er.

Eftirlitsmenn skulu og skoða alt sauðfje kláðaskoðun í hvert skifti, áður en baðað er, og gefa skýrslu um skoðun og böðun samkvæmt 9. gr.

6. gr.

Nú hefir sauðfjərböðun einhversstaðar ekki farið fram eftir ákvæðum 2. og 3. gr., og er um að kenna hirðuleysi eða mótþróa fjáreiganda. Skal þá hlutaðeigandi eftirlitsmaður tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra, og skal hann þá tafarlaust sjá um, að böðun verði framkvæmd á kostnað fjáreiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

7. gr.

Nú verður vart fjárkláða í hreppi eða kaupstað, og er þá skylt að tvi-baða alt sauðfje kláðaböðun á því svæði, er fje gengur saman, á þann hátt, er hreppstjóri eða lögreglustjóri ákveða.

Verði þá enn vart fjárkláða, skulu gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til útrýmingar á honum.

8. gr.

Litist atvinnumálaráðuneytinu, samkv. skýrslum þeim, er í 9. gr. getur, að fjárkláði sje að breiðast út, getur það fyrirskipað svo viðtæka kláðaböðun, sem það telur ástæður til.

9. gr.

Hreppstjóri og lögreglustjóri skulu, hver í sínu umdæmi, sjá um, að lögum þessum sje framfylgt, leiðbeina eftirlitsmönnum við skýrslugerð, heimta skýrslur frá þeim og semja árlega aðalskýrslu, eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðherra setur.

Skýrslan skal sýna glögt yfirlit um skoðun, útbreiðslu kláða, böðun, hver baðlyf voru notuð og hvernig blönduð, og alt það, sem snertir fjárbaðanir. Skýrslan skal send atvinnumálaráðuneytinu fyrir 1. júlí ár hvert.

10. gr.

Þóknun til eftirlitsmanna greiðist úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjar-sjóði.

Andvirði baðlyfja, eins og þau kosta á næsta verslunarstað, sem notuð eru til endurböðunar samkv. 7. og 8. gr., greiðist úr rikissjóði.

11. gr.

Hver sá, er verður var við óprif í sauðfje, eða verður þess var, að lög þessi eru ekki haldin, skal skyldur að tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—200 krónum, er renna i sveitar- eða bæjarsjóð þar, sem brotið er framið.

Skal fara með þau mál sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

14. gr.

Ákvæði tilskipunar 5. jan. 1866 og tilskipunar 4. mars 1871, lög nr. 40, 8. nóv. 1901, og lög nr. 58, 30. nóv. 1914, eru úr gildi numin, svo og öll önnur lagafyrirmæli, er kunna að koma í bága við lög þessi.

### Greinargerð.

Á síðastliðnu þingi samþykkti neðri deild Alþingis frv. til laga um útrýming fjárkláða, og var það frv. í öllum aðalatriðum samhljóða frv. því, er stjórnin lagði fyrir þetta þing og vísað var til laodbúnaðarnefndar þessarar deildar.

Eins og kunnugt er, nrðu úrslit málsins á síðasta þingi þau, að efri deild vísaði því til stjórnarinnar með þeim tilmælum, að hún leitaði álitis sýslunefnda um málið. Samkvæmt þessari ákvörðun efri deildar skrifaði stjórnarráðið öllum sýslumönnum og bæjarfógetum og lagði fyrir þá að útvega skýrslur frá hreppstjórnunum um útbreiðslu kláðans síðastliðin 5 ár. Skýrslur hafa komið til stjórnarinnar úr öllum sýslum landsins, og hefir landbúnaðarnefnd athugað þær nákvæmlega, en álit sýslunefnda um málið vantar enn, eins og við er að búast, þar sem allflestar sýslunefndir hafa ekki haldið fund síðan málið var afgreitt frá Ed. til stjórnarinnar.

Þó nú svo sje, eins og þegar er bent til, að ekki hafi tekist að fá umsögn sýslunefnda máli þessu viðkomandi, teljum vjer þó, að með þeirri skýrslusöfnun, sem fram hefir farið, þá hafi fengist allgott heildaryfirlit yfir útbreiðslu fjárkláðans.

Samkvæmt skýrslum þessum virðist mega ætla, að kláðinn sje ekki svo magnaður yfirleitt, að ókleift megi teljast að útrýma honum, eða a. m. k. að varna útbreiðslu hans, án þess að horfið sje að því ráði að fyrirskipa allsherjar útrýmingarböðun um land alt, með þremur böðunum á öllu sauðfje á sama vetri.

Þótt þannig sje ástatt að okkar dómi, að fengið sje heildaryfirlit yfir útbreiðslu kláðans, þá verðum við að lita svo á, að þar með sje ekki fengið álit sýslunefnda um málið, eða hverskonar meðferð það skuli sæta, en það mun hafa vakað fyrir efri deild i fyrri, að slíkt væri nauðsynlegt, áður en nokkuð verulegt yrði ákveðið viðvikjandi útrýmingarböðun, og kemur þetta glögglega í ljós af meðferð þeirrar deildar á málinu, bæði í umræðum og nefndarálitum landbúnaðarnefndar þeirrar deildar, svo og seinustu afgreiðslu málsins út úr deildinni. Það er því

álit okkar, að áður en horfið sje að því ráði að lögbjóða allsherjar útrýmingar-  
bóðun um land alt, að fengin sje vissa fyrir því, að á bak við þá ráðstöfun  
standi vilji mikils meiri hluta þeirra landsmanna, er mál þetta nær mest til, sem  
við teljum að sjeu bændurnir. Til þessa ber því meiri nauðsyn, þar sem nú má  
telja sámilega upplýst, að fjárkláðinn er mjög í rjenun i ýmsum sveitum og í  
mjög mörgum alls enginn, en hins vegar afarkostnaðar- og fyrirhafnarmikið að  
framkvæma útrýmingarbóðun, og ýms vandkvæði á slíkri framkvæmd að öðru leyti.

Glögg vitneskja er og fengin nú um það, að bændur eru yfirleitt mjög  
andvígir því, að nú þegar sje tekin ákvörðun um allsherjar útrýmingarbóðun.  
Eru margir þeirrar skoðunar, að enn um skeið sje rjettara að láta sitja við ræki-  
legar þrifabaðanir, er framkvæmdar sjeu eftir föstu skipulagi, þar sem öll vand-  
virkni sje viðhöfð og kláðabóðun fari jafnan fram þar, sem kláðans verður vart  
og sýkingarhættu geti verið um að ræða. Er það álit mjög margra manna, að  
með þessu móti einu megi takast að útrýma kláðanum algerlega úr landinu á  
ekki mjög löngum tíma, ef allir, sem hlut eiga að máli, vilji vinna að því með  
trúmensku, og hæpið sje, jafnvel þó sje verði í eitt sinn þrifabað, að takast megi  
með því móti að útrýma fjárkláðanum algerlega, og er þá ver af stað farið en  
heima setið. Einn sjerfræðing i þessum efnum vitum vjer líka um, er hefir þessa  
skoðun.

Að vísu er oss kunnugt um, að til eru þó nokkrir bændur þjer á landi,  
er telja allsherjar útrýmingarbóðun hið eina ráð, sem muni duga til algerðrar út-  
rýmingar á kláðanum. En þó svo sje, að til sjeu bændur, sem svona líti á, þá  
mun óhætt að fullyrða, að hinir eru margfalt fleiri, er vilja fara þá leið, er meiri  
hluti landbúnaðarnefndar þessarar deildar leggur til, að farin sje að þessu sinni.

Með skírskotun til þess, er vjer höfum þegar bent á hjer að framan, verð-  
um vjer að ráða algerlega frá því, að Alþingi lögskipi útrýmingarbóðun um land  
alt að þessu sinni, þvert ofan í vilja meiri hluta bænda. Ef sú ráðstöfun á að  
koma að tilætluðum notum, verður að minsta kosti allur þorri bænda að vera  
fús á að framkvæma hana og hafa trú á gagnsemi hennar. Og það verður að  
tryggja bændum það, að sá mikli kostnaður og fyrirhöfn, sem þeim með þeirri  
ráðstöfun væri gert að inna af hendi, kæmi að fullkomnum notum. En eins og  
nú er ástatt um þetta mál, er enginn vegur til að ábyrgjast neitt um það.

Rannsókn á því, hvaða baðlyf skuli notuð við útrýmingarbóðun, hefir  
enn sem komið er engin farið fram, svo oss sje kunnugt. En það verðum vjer  
að telja mjög nauðsynlegt; en fullkomin rannsókn á því tekur langan tíma, senni-  
lega 3—4 ár. Þá er og víða i sveitum, að sundþrær eru enn þá ekki til nema á  
tiltölulega fáum heimilum. En bóðun i þeim verðum vjer að telja miklu tryggari  
en i baðkerum, auk þess sem bóðun i þeim fer miklu betur með fjeð en bóðun  
á annan hátt.

Er því af þeim sökum meðal margs annars miklu rjettara að vorum  
dómi að gefa mönnum tómi til að byggja sundþrær, helst á hverju heimili, áður  
en algerð útrýmingarbóðun væri lögbóðin.

En eins og áður er að vikið, þá er sjálfsagt, að sem best sje vandað til  
hinna árlegu sauðfjárbaðana framvegis, þó ekki sje nú þegar horfið að því ráði  
að stíga stærra spor í áttina til útrýmingar fjárkláðanum en þetta frv. gerir ráð

fyrir. En til þess að örugt megi telja, að árlegar sauðfjárbaðanir verði framkvæmdar á fulltryggilegan hátt, virðist oss vanta lagafyrirmæli. Úr því er ætlast til, að þetta frv. bæti, ef það verður að lögum.

Með því að bera fram þetta frv. hefir meiri hluti nefndarinnar tekið afstöðu til frv. þess um útrýmingu fjárkláða, sem til hennar hefir verið vísað, og mun því ekki koma fram með sjerstakt nefndarálit um það. Einn nefndarmanna (Á. J.) hefir sjerstöðu í málinu.